



Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks Ársskýrsla 2011

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður á grundvelli kjarasamnings þann 14. maí árið 2000 á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og LÍV hins vegar.

Markmið sjóðsins er að auka hæfni og menntun verslunar- og skrifstofufólks, ásamt því að stuðla að auknu framboði af námi og námsefni sem svari þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til menntunar félagsmanna, kostun námskeiðahalds og námsefnisgerðar og jafnframt að styrkja fyrirtæki til starfs- og endurmenntunar starfsmanna.

Iðgjald atvinnurekenda til sjóðsins er 0,20% af launum félagsmanna en aðildarfélögin greiða fjórðungs mótframlag af greiddu framlagi atvinnurekenda. Fyrirtæki geta sótt um undanþágu frá fullu iðgjaldi að uppfylltum skilyrðum sjóðsins fá lækkun iðgjaldið í 0,10%.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð sex aðilum til eins árs í senn.

Fyrir hönd SA sátu í stjórn Andrés Magnússon, SVP en Lísbet Einarsdóttir, SVP tók við af honum í maí, Ragnheiður B. Guðmundsdóttir, Olís, Svanur Valgeirsson, Debenhams, en Júlíus Steinn Kristjánsson, Hýsingu tók við af honum í október.

Varamenn voru Hannes G. Sigurðsson, SA og Guðbjörg S. Jónsdóttir, SVP.

Fyrir hönd VR/LÍV sátu í stjórn Teitur Lárusson, VR, Stefanía Magnúsdóttir, VR og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, FVSA. Varamenn voru Margrét Ingbórsdóttir, Vmf.

Suðurlands og Bjarki Steingrímsson, VR fram í apríl.

Aðilar sjóðsins skiptast á að gegna formennsku til tveggja ára í senn. Teitur Lárusson tók við formennsku af Andrés Magnússyni á stjórnarfundi í mars.

Starfsmaður og ritari: Ástríður S. Valbjörnsdóttir

Löggiltur endurskoðandi: Björg Sigurðardóttir frá Deloitte

Yfirlit starfsemi sjóðsins á tímabilinu

Úthlutun styrkja til félagsmanna

Samtals voru veittir 6.738 styrkir til félagsmanna sem er 16% fækkun frá árinu áður en þá hafði verið fjölgun um 9%. Hlutfall styrkja er í samræmi við fjölda félagsmanna í aðildarfélögum LÍV en samtals voru veittir 5.989 styrkir til félagsmanna VR en fjöldi þeirra er um 90% af sambandinu en 749 styrkir voru veittir til félagsmanna annarra aðildarféлага innan sjóðsins. Styrkir vegna starfstengds náms voru 80% en tómstundanáms 20% og hefur hlutfallið haldist nokkuð svipað síðustu ár. Hlutfall umsókna vegna náms erlendis fjölgaði um 68% milli ára þar af voru 92% vegna starfsnáms. Samtals voru veittir 53 ferðastyrkir þar af 26 vegna náms erlendis.

Greiddir styrkir á árinu voru kr. 162 milljónir eða 6,5% hækkun milli ára. Iðgjöld atvinnurekenda og stéttarféлага hækkuðu um 10% milli ára og voru samtals kr. 259 milljónir.

Styrkir til fyrirtækja, félagasamtaka og stofnana

Alls voru veittir 87 styrkir til fyrirtækja og verkefna á árinu sem var fjölgun um 45% frá síðasta ári. Af þeim voru 7 styrkir vegna verkefnisins Fræðslustjóri að láni en þeim hefur fækkað um helming milli ára. Heildarupphæð greiddra styrkja á árinu voru um kr. 7,5 milljónir. Jákvætt er hve fyrirtæki hafa sótt í auknum mæli eftir styrkjum úr sjóðnum fyrir starfsmenn sína. Styrkir til fyrirtækja eru metnir eftir tegund náms og greiddu iðgjaldi til sjóðsins.

Fyrirtæki á lækkuðu iðgjaldi voru 11 á árinu og breytist fjöldinn lítið á milli ára. Umræður hafa verið um hvort tímabært sé að skerpa á reglunum til samræmis við kröfur um aðrar styrkveitingar til fyrirtækja.

Stjórnarfundir

Samtals voru haldnir 7 stjórnarfundir á árinu og voru helstu verkefni sem tekin voru fyrir eftirfarandi:

- Afgreiðsla almennra styrkja til fyrirtækja og annarra verkefna.
- Umsóknir fyrirtækja um lækkun iðgjalds.
- Umsóknir fyrirtækja um Fræðslustjóra að láni. Mikil ánægja er með verkefnið sem hófst árið 2009 og er vilji til að halda því áfram. Stefnt er að því að taka saman framvindu og árangur verkefnisins

- Gefinn var út kynningarbæklingur í samvinnu við Starfsafl og Landsmennt um verkefnið Fræðslustjóra að láni.
- Vinnufundur var haldin í mars þar sem farið var yfir tillögur að breytingum á starfsreglum og samþykktum sjóðsins en mikil vinna hefur verið lögð í að móta drög að nýjum reglum. Ljóst er að núverandi kerfi með uppsöfnun stiga stenst ekki skuldbindingar sjóðsins og er vilji er til að hraða ávinnslu réttinda lægri launaðra félagsmanna. Annar fundur var haldinn í nóvember en leitað var leiða við að greina kostnað sjóðsins eftir mismunandi leiðum. Í kjölfarið var mælt til að taka upp nýtt fræðslukerfi með hámarksgreiðslu á ári ásamt fyrningarreglu vegna stigainneignar. Samþykki þarf að liggja fyrir frá LÍV, VR og SA og er stefnt að því að hinar nýju reglur taki gildi eigi síðar en í lok árs 2012 ef þær hljóta hljómgrunn.
- Námstorg.is - samvinna var við Skólavefinn um að útbúa vef fyrir félagsmenn sem hafa stutta formlega skólagöngu. Verkefnið hefur verið unnið að hluta til í samvinnu við Mími símenntun. Á áætlun var að opna vefinn að hausti en samþykkt að leggja viðbótarfjármagn í verkefnið og gera hann veglegri með opnun á árinu 2012. Bygg mun verða ofan á vefinn svo hann gagnist betur fullorðinsfræðslu en fyrri útfærsla. Áhersla verður lögð á stuðning við les- og stærðfræðiblindu ásamt námsmatí. Fjármagnið er styrktargjöf frá sjóðnum, LÍV, VR og ASÍ til minningar um Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, sem féll frá árið 2010 en hún var frumkvöðull að stofnun Námstorgs.
- Lógó - gengið var til samstarfs við auglýsingastofuna Ennemm um hönnun á nýju merki fyrir sjóðinn ásamt bréfsefni, umslögum og kynningarbæklingi.
- Rætt var um stöðu diplómanáms í verslunarstjórnun á Bifröst og verslunarfagnáms sem kennt er hjá Mími og símenntunarmiðstöðvum.
- Rafrænt farnám - Samstarf var með Samtökum ferðapjónustunnar, VR, SVP, Starfsafl, Eflingu og Landsmennt um rafrænt farnám en styrkur fékkst til tilraunaverkefnis.
- Opnaður var stjórnarvefur sjóðsins í desember sem mun halda utan um gögn stjórnarmanna.
- Samstarfssamningur hefur verið í gildi frá árinu 2007 milli SVS, Fagráðs verslunar- og þjónustugreina og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og voru umræður um að endurskoða samninginn eða breyta áherslum. Verkefni starfsmanns Fagráðs hafa m.a. verið utanumhald vegna verkefnisins

fræðslustjóra að láni, raunfærnimat í verslunargreinum, námskrár- og námsefnisgerð, verslunarfagnám, kynningu á sjóðnum í fyrirtækjum, aðkomu að Starfsgreinaráði skrifstofu- og verslunargreina, erlent samstarf og fl.

- Mælt hefur verið til þess að taka í notkun sameiginlegt fræðslukerfi milli aðildarféлага sjóðsins og gengur sú vinna mjög hægt. Leysa þarf tæknileg vandamál þar sem félögin eru með mismunandi innheimtu- og bókhaldskerfi.
- Umræða hefur verið í stjórn Starfsgreinaráðs verslunar- og þjónustugreina um að koma á laggirnar iðnnámi eða fagbréfum til að efla virðingu stéttarinnar.